

**Nd.**

## **271. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og einnig sent það til umsagnar formanns veiðimálanefndar. Fylgir hér með umsögn hans um það.

Reykjavík, 21. okt. 1943.

Háttvirt landbúnaðarnefnd Nd. hefur sent mér til umsagnar frv. til laga um breyting á lögum um lax- og silungsveiði á þskj. 172. Umsögn mín fer hér á eftir:

Ég tel hættulegt að lögtaka skilyrðislaust ákvæði slíkt, er ræðir um í frv. Silungur og lax safnast við árósa og heldur sig þar allanga hríð, áður en hann gengur í árnar, og er hann þá þróttminni en ella, meðan hann er að venjast ósalta vatninu. Ef menn hins vegar vilja ljá máls á veiði við árósa, þar sem sérstaklega stendur á, teldi ég miklu réttara að taka upp í löginn heimild fyrir ráðherra til þess að leyfa slíka veiði, ef veiðimálanefnd mælir með því.

Bent skal á það, að nýlega var lögfest heimild fyrir sýslunefndir til þess að ákveða bann við silungsveiði á stórum svæðum úti fyrir árósum. Sú undanþáguheimild, sem hér kynni að verða tekin upp, mætti ekki hindra þetta.

Virðingarfyllst,

Pálmi Hannesson.

Til landbúnaðarnefndar Nd. Alþingis.

Nefndin hefur orðið ásátt um að taka til greina álitgerð þessa, en telur þó rétt að ganga til móts við tilgang frv. um að heimila ádrátt fyrir beitusild á friðuðu svæði vissa tíma árs, þegar það getur ekki talizt verulegt tjón fyrir laxa- og silungastofninn að dómi veiðimálanefndar. Samkvæmt því leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

### **BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 2. gr. laga nr. 40 1942 kemur nýr málsl., svo hljóðandi:

Einnig getur ráðherra, að fengnu álitni veiðimálanefndar, heimilað ádrátt fyrir beitusild (smásild og loðnu) á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

2. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Alþingi, 28. okt. 1943.

Bjarni Ásgeirsson,  
form., frsm.

Jón Pálmason,  
fundaskr.

Jón Sigurðsson.

Emil Jónsson.

Sigurður Guðnason.